

Sp.

174. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um flugsamgöngur.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á nýjungum og framförum í smíði farþegaflugvéla, sérstaklega að því leyti er hentar innanlandsflugi á Íslandi og sparað getur fé við byggingu flugvalla.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hafa framfarir í smíði flugvéla orðið mjög hraðar í heiminum á undanförunum árum. Ýmsar flugvélategundir, sem þóttu góðar til farþegaflutninga fyrir skömmum tíma, þykja nú úreltar, en aðrar fullkomnari vélar eru komnar í þeirra stað.

Íslendingum er ekki síður þörf á því en öðrum þjóðum að fylgjast vel með slíkum framförum og haga flugsamgöngum sínum í samræmi við það, sem bezt hentar staðháttum hér á landi og fjárhag þjóðarinnar. Nýjungar, sem miða í þessa átt, ættu því að vera Íslendingum kærkomnar.

Eitt af erfiðustu viðfangsefnum Íslendinga á þessu sviði er að koma upp flugvöllum, nægilega mörgum og stórum, svo að flugsamgöngur geti orðið til almennra nota. En þetta kostar mikið fé og tekur langan tíma.

Fyrir nokkru er hafin framleiðsla erlendis á farþegaflugvélum, sem flutt geta allmarga farþega, en þurfa ekki lengri flugbrautir til flugtaks og lendinga, að álitu framleiðenda, en sjúkraflugvélar þær, sem starfræktar hafa verið hér á landi að undanförunu.

Nægjanleg reynsla er enn ekki fengin af þessum flugvélum, en þess mun ekki langt að biða, að úr því verði skorið, hvort þær fullnægja þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Verði reynslan á þann veg, að flugvélar þessar þyki öruggar og hentugar fyrir flugsamgöngur hér á landi og að þær þurfi ekki lengri flugbrautir en að framan getur, væri það mikill ávinningur fyrir flugsamgöngur Íslendinga. Stórir og dýrir flugvellir yrðu þá óþarfir, en flugbrautir sjúkraflugsins, sem nú þegar eru komnar víðs vegar um landið, mundu sennilega fullnægja hinum nýju flugvélum með nokkrum endurbótum.

Þess er full þörf, að hinu takmarkaða fé, sem unnt er að verja til flugvalla-gerðar, verði varið í fullu samræmi við nýjungar í flugsamgöngum og sem flestum landsmönnum til gagns. Tillaga þessi er flutt til stuðnings því, að svo megi verða.